

Eftirfylgni vegna fundar með utanríkismálanefnd miðvikudaginn 2. apríl 2008  
 Þriðjudagur 2.5.2008

Til þróunarsamvinnu Íslands teljast framlög til verkefna sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hefur verið falið að framkvæma í tvíhliða samstarfi við eftirfarandi lönd: Malaví, Mósambík, Namibía, Níkaragva, Srí Lanka og Úganda. Áherslur Íslands í marghliða þróunarsamvinnu miða að þátttöku í starfi á vegum stofnanna Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans og annarra fjölþjóðlegra stofnanna. Frá árinu 2005 hefur verið unnið að eflingu samstarfs við smáeypróunarríki (*e. Small Island Developing States - <http://www.sidsnet.org/>*) sem er ríkjahópur sem hefur starfað að sameiginlegum málefnum eypróunarríkja frá árinu 1994.

Á sviði friðaruppbyggingar er sérstaklega litið til samstarfs með stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem miðar að því að efla getu heimamanna og stuðla að því að þeir geti tekið ábyrgð á eigin málum, jafnframt því að tryggja nauðsynlegan stöðugleika fyrir uppbyggingu til lengri tíma. Unnið er að verkefnum í samstarfi við borgaraleg félagasamtök, stofnanir og mannúðarsamtök sem starfa á vettvangi. Starfið miðast auk þess við aðgerðaráætlun Íslands um ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325/2000 um konur, frið og öryggi.<sup>1</sup>

Hvort sem er um tvíhliða, marghliða þróunarsamvinnu eða störf í þágu friðar að ræða, eru áherslurnar um margt svipaðar, þ.e. þær byggja á Þúsaldarmarkmiðunum og eflingu þeirra. Neyðar- og mannúðaraðstoð er veitt eftir ástandi á tilteknum svæðum.

Hvað varðar skilgreiningar á framlögum til þróunarsamvinnu þá fer utanríkisráðuneytið sem og ÞSSÍ eftir reglum sem settar eru af þróunarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC), *DAC Statistical Reporting Directives*, sem síðast voru gefnar út í apríl 2007. Framlög til þróunarsamvinnu eru því öll í eðli sínu valfrjáls þó að við ráðstöfun framlaga til einstakra stofnanna SP sé miðað við ákveðið framlagaviðmið. Í tilfalli Íslands er framlagaviðmið SP 0,0037% af heildarrekstri viðkomandi stofnunar.

**Þúsaldarmarkmið SP um þróun sem samþykkt voru á Allsherjarþingi SP í september 2000**

1. Eyða fátækt og hungri.
2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar.
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.
4. Lækka dánartíðni barna.
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna.
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu.
7. Vinna að sjálfbærri þróun.
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.

<sup>1</sup> Ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 miðar að því að auka þátttöku kvenna í friðarferlum og friðaruppbyggingu.

# Opinber þróunaraðstoð (ODA)

Fjárlagagengi 1.9.07 = 63,19

í milljónum króna

2008\*

<b>Tvíhliða aðstoð</b>	<b>2.017,1</b>	<b>51,7%</b>
Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSI)	1.551,4	39,8%
Enduruppbygging á ófriðarsvæðum	465,7	11,9%
<b>Marghliða aðstoð</b>	<b>1.034,3</b>	<b>26,5%</b>
<b>Sameinuðu þjóðirnar</b>	<b>523,3</b>	<b>13,4%</b>
þar af: FAO valfrjálst framlag (51% af heildarframlagi)	3,4	
FAO - önnur framlög	10,0	
UNDP	37,9	
UNDP - Ungliðaverkefni	51,0	
UNDP - Nordic Business Outreach	3,5	
UNICEF - valfrjálst framlag	40,0	
UNICEF - ungliðaverkefni	19,0	
UNICEF - þúsaldarverkefni í Guinea Bissau	63,2	
UNIFEM - valfrjálst framlag	25,3	
UNIFEM - styrktarsjóður gegn kynbundnu ofbeldi	12,6	
UNIFEM - verkefni í Afganistan	19,0	
UNIFEM - jafnréttisverkefni á Balkanskaga	12,6	
UNIFEM - verkefni í Palestínu	6,3	
UNIFEM - stuðningur við landsnefnd	5,0	
UNFPA - valfrjálst framlag	12,6	
UNFPA - baráttan gegn fistúlu	12,6	
UNRWA	19,0	
UNESCO (25% af heildarframlagi)	2,3	
OCHA	3,2	
OCHA - Neyðarsjóður (CERF)	37,5	
Neyðaraðstoð á vegum SP	55,8	
UNHCR	25,3	
OHCHR/ÓSE	12,6	
WTO þróunarsjóður	3,0	
UNVFT	2,0	
UNITAR	3,2	
WHO (70% af heildarframlagi)	5,9	
WHO - mænuóttarverkefni	6,3	
IAEA - tæknisjóður	1,8	
ILO (15% af heildarframlagi)	1,2	
Alþjóðleg friðargæsla (6% af heildarframlagi)	10,2	
<b>Alþjóðabankinn</b>	<b>359,4</b>	<b>9,2%</b>
þar af: Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	205,4	
Íslenskur ráðgjafasjóður	22,4	
Samstarf í fiskimálum (PROFISH)	33,0	
Viðskiptaumhverfi í smárikjum	12,6	
Jafnréttisverkefni í þróunarríkjum	13,1	
Samstarf í orkumálum (ESMAP)	31,8	
Skuldaniðurfelling þróunarríkja hjá IDA (MDRI)	31,6	
Mannréttindasjóður	3,2	
Sjóður til styrktar Súdan	6,3	
<b>Önnur marghliða aðstoð:</b>	<b>151,6</b>	<b>3,9%</b>
Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC)	6,3	
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	51,0	
Niðurfelling skulda þróunarríkja (HIPC)	30,0	
Niðurfelling skulda (MDRI)	14,6	

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF)	10,2	
Vískaþáttasamstarf í þróunarríkjum (Integrated framework for technical cooperation)	6,3	
Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berktum og malaríu (Global Fund)	12,6	
Alþjóðasjóður fuglafléttu	8,0	
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	12,6	
<b>Annað</b>	<b>849,4</b>	<b>21,8%</b>
Jarðhitaskóli Háskóla S.p.	206,3	
Sjávarútvegsskóli Háskóla S.p.	154,5	
Landgræðsluskóli	40,0	
Eyjaverkefnið	68,8	
Framiög til frjálsra félagsamtaka	120,0	
Styrktarsjóður um vískaþáttasamstarf	15,0	
Þróunarverkefni á ófriðarsvæðum - Palestína	25,3	
Þróunarverkefni á ófriðarsvæðum - Afganistan	10,0	
Vískaþáttabróunarsjóður	30,0	
Flóttamannaástoð	57,5	
Ýmis framiög	9,5	
Utarríkisráðuneyti og sendiskrifstofur	112,5	
<b>SAMTALS</b>	<b>3.900,8</b>	<b>100,0%</b>
Hlutfall af vergum þjóðartekjum (%) <sup>a</sup>	0,30	

<sup>a</sup> skv. fjárlögum og verkefnaskrá

Vergar þjóðartekjur (í milljónum króna) skv. spá janúar 2008

1.307.300